

SKIPULAGS- OG BYGGINGAFULLTRÚAEMBÆTTI UPPSVEITA ÁRNESSÝSLU OG FLÓAHREPPS
Bláskógabyggð/Grímsnes-og Grafningshreppur/Hrunamannahreppur/Skeiða-og Gnúpverjahreppur/Flóahreppur

Dalbraut 12 840 Laugarvatn
Sími 486 1145 - fax 486 1246
www.sveifir.is - kt. 580209-0170

Friðbjörn Georgsson
Norðurvangur 14
220 Hafnarfjörður

Laugarvatni, 05. október 2010
Tilv. 201009172794

Efni: **Kerhraun 21, 168896 .**


Á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa þann 15. september sl. var fjallað um umsókn þína um byggingarleyfi fyrir Sumarhús á lóðinni Kerhraun 21.

Lýsing umsóknar: **Sótt er um að byggja sumarhús.**

Stærð húss 125.2 fermetrar og 387.4 rúmmetrar.

Umsóknin hlaut eftirfarandi afgreiðslu: *Frestað vegna ath.semnda slökkvistjóra.*

Virðingarfyllst



Helgi Kjartansson
Byggingarfulltrúi Uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps
helgi@sudurland.is



Brunavarnir Árnassýslu
Austurvegi 52
800 Selfoss
482-1121
894-1845
babubabu@mmedia.is

Selfossi 21.9. 2010

-----KEi/kei-----

Sveinbjörn Hinriksson
Brekkugötu 8 Hafnarfirði
svennihi@simnet.is

Erindið varðar: Yfirferð á teikningum vegna umsóknar um byggingu sumarhúss að Kerhrauni 21 Grímsnes- og Grafningshreppi

Ágæti viðtakandi, við skoðun á teikningum eru það nokkur atriði sem við hjá eldvarnaeftirlitinu gerum athugasemdir við.

1. Stærðir björgunaropa eru ekki settar inná teikningu

Stjtið. B, nr. 441/1998.

Byggingarreglugerð. 1. KAFLI. Stjórnssýsla og almenn ákvæði.

18.7 Brunavarnir skulu færðar inn á aðaluppdrátt. Greina skal frá atriðum eins og skiptingu byggingar í brunahólf, brunamótstöðu aðalburðarvirkja, flóttaleiðum, þ.m.t. björgunaropum, neyðarlýsingu, brunavarnabúnaði o.fl. Þar sem því verður ekki við komið að færa brunavarnir inn á aðaluppdrátt skal gera sérstakan brunavarnauppdrátt er fylgi aðaluppdráttum. Vísa skal til brunavarnauppdráttar á aðaluppdrætti. Varðandi frágang brunavarnauppdrátta skal hafa hliðsjón af leiðbeiningum Brunamálastofnunar ríkisins.

http://www.brunamal.is/brunamalastofnun/upload/files/leidbeiningablod/leidbeiningarblad_18_7.pdf

2. Sýna skal staðsetningu slökkvitækja.
3. Annað sem ekki er krafa um, en sett hér fram sem ábending: Á teikningu er sýnd óvenju stór geymsla. Þessi geymsla er sýnd með mjög stórri hurð (bílskúrshurð). Aðskilnaður geymslunnar frá öðrum rýmum hússins er sýnt án brunamótstöðu, þ.e.a.s. veggir eru ekki REI60. Ef til stendur að setja bíl, fjórhjól eða þvíumlík farartæki í „geymsluna“ breytist rýmið í bílgeymslu. Ef til stendur að setja rafknúinn golfbíl í geymsluna, breytist rýmið einnig í geymslu fyrir tæki sem hlaða þarf frá veitukerfi.
S.s. ef geymslan breytist í það sem að ofan er talið skulu veggir og hurðir vera samkvæmt grein um bílskúra.

Byggingarreglugerð. 1. KAFLI. Stjórnýsla og almenn ákvæði.

113. gr.

Bilageymslur minni en 100 m².

- 113.1 *Bilageymsla fyrir einn bíl skal að jafnaði ekki vera stærri en 36 m² brúttó og vegg hæð fyrir miðjum aðaldyrum upp á efri brún plötu, eða efstu brún veggjar, ekki meiri en 2,70 m ef bilageymslan er með flötu þaki. Sé bilageymsluþakið með risi, eða halli meiri en 1:15, skal mesta hæð þaks ekki vera meiri en þarf til að ná múropi í dyrum 2,40 m að hæð, ásamt beranlegum veggfleti ofan dyra. Byggingarnefnd getur þó leyft stærri bilageymslur og hærrí þar sem slíkt veldur ekki verulegri röskun á umhverfi og aðstæður að öðru leyti leyfa.*
- 113.2 *Um fjarlægð bilageymsla frá lóðarmörkum gilda sömu reglur og fyrir íbúðarhúsi.*
- 113.3 *Ef bilageymsla er nær lóðarmörkum en 3 m skal veggur sá er snýr að lóðarmörkum vera REI-90. Veggurinn skal vera án opa og ná upp að ystu þakklæðningu.*
- 113.4 *Ef bilageymsla er nær lóðarmörkum en 1 m skal veggurinn sem snýr að lóðarmörkum vera eldvarnarveggur REI-M120.*
- 113.5 *Varðandi brunatákn og aðrar brunatæknilegar skilgreiningar vísast í 7. kafla.*
- 113.6 *Aðskilnaður á milli húss og bilageymslu skal vera EI60, hvort sem um er að ræða sérstæða bilageymslu eða bilageymslu sambyggða húsi. Hurð á milli húss og bilageymslu sem er sambyggð húsi skal vera EI-CS30 og skal hurðin ekki opnast beint inn í íbúðarrými, heldur anddyri eða annað sambærilegt rými.*
- 113.7 *Loft- og veggklæðningar bilageymsla skulu vera í flokki 1.*
- 113.8 *Í hverri bilageymslu skal vera handslökkviðtæki af viðurkenndri gerð.*
- 113.9 *Opin bílskýli, allt að 50 m², sem samstanda af þaki bornu af stöðum án útveggja má byggja á lóðarmörkum. Þakefni skal vera í flokki T.*

Með góðri kveðju,

Kristján Einarsson
slökkviliðsstjóri